Verkfærakista leikskóla - skráning

Mikilvægt er að deildarstjóri beri ábyrgð á framkvæmd og eftirfylgd þeirra úrræða sem reynd eru. Setja þarf skýr markmið, skrá framvindu og meta árangur með skipulögðum hætti, að jafnaði eftir 4–6 vikur. Ef úrræði skilar ekki tilætluðum árangri er mikilvægt að endurskoða það og prófa aðrar leiðir.

Leikskólakennarar kortleggi styrkleika barnsins, þarfir þess og sóknarfæri til að efla félagsfærni, hegðun og líðan. Í samstarfi við foreldra verði skoðað hvað gengur vel, hvar þörf er á frekari stuðningi og hvaða leiðir eru líklegastar til árangurs. Mikilvægt er að foreldrar séu upplýstir og að samræmi sé í stuðningi heimilis og leikskóla eftir því sem við á.

Áður en tilvísun er send til sérfræðiþjónustu er æskilegt að viðeigandi úrræði hafi verið reynd, þeim fylgt eftir og árangur metinn. Leita má ráðgjafar hjá kennsluráðgjöfum skólaþjónustunnar við val, útfærslu og eftirfylgd úrræða.

Samskipti og tjáning	
TMT - Hvert barn á sitt tákn *Styður við auðkenningu, samskipti og þátttöku barns í daglegu starfi.*	
TMT – samskipti, samverustundir og söngstundir *Tákn notuð samhliða töluðu máli til að styðja við málskilning og tjáningu.*	
Myndrænt dagskipulag *Gerir dagskipulag sýnilegt og eykur fyrirsjáanleika og öryggi.*	
Valspjöld *Gefa barni sjónræna möguleika til að velja og tjá óskir.*	
Tilfinningaspjöld *Styðja börn við að þekkja, skilja og tjá tilfinningar.*	
Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir (PECS, TMT, Bliss, spjaldtölvur o.fl.) *Fjölbreyttar leiðir til að styðja tjáningu, málskilning og samskipti barna sem þurfa annan eða aukinn stuðning við talað mál.*	

Skipulag og fyrirsjáanleiki	
Tímavaki / stundaglas *Gerir tíma sýnilegan, rammar inn vinnulotur og auðveldar skipti milli verkefna.*	
Sjónrænar reglur *Reglur sýndar með myndum eða táknum til að auka skilning og fyrirsjáanleika.*	
Fyrst og svo – spjöld *Sýna hvað gerist fyrst og hvað tekur við næst.*	
Sjónrænar leiðbeiningar fyrir athafnir *Myndræn skref í þjálfun t.d. við handþvott, að klæða sig, salernisferðir, frágang.*	
Undirbúningur fyrir breytingar *Myndir, tákn eða skýr skilaboð notuð þegar eitthvað verður öðruvísi en venjulega.*	
Skýr fyrirmæli *Stutt, einföld og skýr fyrirmæli, gefin bæði munnlega og með myndrænum eða sjónrænum vísbendingum eftir þörfum. Fá atriði eru lögð fyrir í einu svo barnið eigi auðveldara með að skilja hvað ætlast er til og að fylgja fyrirmælum.*	

Skynúrvinnsla og ró	
Skynúrvinnsluherbergi *Aðstaða og úrræði sem geta stutt við skynúrvinnslu og sjálfsstjórn.*	
Heyrnaskjól (Peltor, Calmer eyrnatappar, Loop eyrnatappar) *Geta dregið úr hljóðáreiti í annasömu umhverfi.*	
Fiktdót *Getur stutt við einbeitingu, ró og skynþarfir.*	
Rólegt horn / athvarf *Afmarkað svæði þar sem barn getur dregið sig í hlé og fengið ró.*	
Skipulögð hvíld eða pásur *Barnið hefur aðgang að skipulagðri hvíld eða pásu eftir þörfum. Pásan er fyrirsjáanleg, afmörkuð og getur stutt barnið við að ná ró og taka aftur þátt í starfinu.*	

Hreyfing og virkni	
Aukin útivist / hreyfing *Gefur fleiri tækifæri fyrir hreyfingu og getur stutt við líðan, einbeitingu og virka þátttöku.*	
Hreyfihlé *Stutt og skipulögð hlé með hreyfingu yfir daginn.*	
Val um að vinna sitjandi eða standandi *Vinnustelling og aðstaða aðlöguð að þörfum barns.*	

Félagsfærni og þátttaka	
Fastur og skilgreindur staður barns *Barn hefur fastan eða skýrt skilgreindan stað eftir þörfum, til dæmis við matarborð, í samverustund eða söngstund. Skýr staðsetning getur aukið öryggi, fyrirsjáanleika og þátttöku. Þegar það á við er fyrirkomulagið endurmetið og barninu smám saman veitt tækifæri til að æfa sveigjanleika og aðlögun.*	
Vinna í litlum hópum / hópastarf *Minni hópar geta aukið þátttöku og auðveldað einstaklingsmiðaðan stuðning.*	
Félagshæfnisögur *Einfaldar og myndrænar sögur sem útskýra félagslegar aðstæður og æskileg viðbrögð.*	
Lýsandi hrós og jákvæð styrking *Lýsandi hrós er notað markvisst til að vekja athygli barns á því sem gengur vel. Hrósið er skýrt og tilgreinir þá hegðun eða færni sem verið er að styrkja, til dæmis: „Þú beiðst eftir að röðin kæmi að þér.“*	
Blöndun milli árganga / teymisvinna *Sveigjanlegt samstarf sem getur skapað fjölbreyttari tækifæri til náms og félagslegra samskipta.*	

Aðstaða / námsumhverfi	
Hugað að uppröðun á hverri deild *Rými skipulagt með aðgengi, yfirsýn, ró og þátttöku barna í huga.*	
Skýr og afmörkuð leik- og vinnusvæði *Deild og önnur rými eru skipulögð í skýr og afmörkuð svæði sem tengjast ákveðnum leik, verkefnum eða athöfnum. Þetta auðveldar barninu að átta sig á hvar það á að vera, hvað fer fram á hverjum stað og hvers er ætlast til.*	
Minnka óþarfa áreiti *Sjón- og hljóðáreiti minnkað eftir þörfum til að styðja einbeitingu og vellíðan.*	

Afmarkað magn efniviðar og verkefna *Efniviður og verkefni eru afmörkuð þannig að barnið fái hæfilegt magn í einu, til dæmis fáa kubba, perlur eða verkefnahluta. Þetta getur aukið yfirsýn, einbeitingu og líkur á að barnið ljúki verkefni.*	
Aðlögun á vinnusvæði *Staðsetning, sæti eða vinnuaðstaða aðlöguð að þörfum barns.*	

Skimanir	
Færniskema (höf. Matthildur E. Vilhjálmsdóttir sérkennslustjóri o.fl. kennarar Leikholts) *Alhliða mat á þroska og framförum barns.*	
Íslenski þroskalistinn *Íslenski þroskalistinn getur komið að góðum notum við ítarlegt þroskamat á barni*	
Smábarnalistinn *Smábarnalistinn er staðlaður íslenskur þroskalisti sem er notaður til að meta þroska ungra barna, einkum á aldrinum 15–38 mánaða.*	
HLJÓM-2 *Skimunarpróf sem metur hljóðkerfis- og málvitund barna fyrir upphaf lestrarnáms.*	
TRAS *Skráningartæki til að fylgjast með málþroska barna á markvissan hátt*	
MÍÓ *Skráningartæki til að fylgjast með stærðfræðilegum þroska og færni barna.*	
LENIS *Skimunar- og athugunartæki til að meta og fylgjast með mál- og læsisþroska barna.*	

MOT *Staðlað matstæki til að meta hreyfiþroska, meðal annars gróf- og fínhreyfingar, jafnvægi og samhæfingu.*	
Atferlis-/virkniskráning *Skipulögð skráning á aðstæðum, hegðun og þátttöku til að greina mynstur og finna viðeigandi stuðning.*	

Námsefni	
Lubbi finnur málbein *Hljóðasmiðja Lubba leggur sérstaka áherslu á málhljóðin og bókstafi í þeim tilgangi að tengja saman hljóð og stafi.*	
K-PALS *Kennsluaðferð þar sem börn vinna saman í pörum og æfa markvisst undirstöðufærni í lestri.*	
TMT – Tákn með tali *Tjáskiptaaðferð þar sem einföld tákn eru notuð samhliða töluðu máli til að styðja mál og samskipti.*	
ART – þjálfun *Þjálfun í félagsfærni, reiðistjórnun og siðgæðisvitund.*	
CAT kassinn *Námsefni sem byggir á sjónrænu skipulagi til að auka sjálfsvitund, þjálfa viðeigandi hegðun og félagsleg samskipti.*	
Vinaverkefni Blær *Blær, bangsinn sem fylgir verkefninu, er tákn vináttu og hjálpar börnunum að kynnast, ræða og tileinka sér grunngildi verkefnisins: umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Börnin vinna með þessi gildi í gegnum sögur, samtöl, leiki og fjölbreytt verkefni.*	

Þjálfun	
Aukin þjálfun grófhreyfinga *Markviss þjálfun sem styður meðal annars jafnvægi, samhæfingu, styrk og líkamsstjórn.*	
Aukin þjálfun fínhreyfinga *Markviss þjálfun handa og fingra, samhæfingar og færni sem nýtist í daglegum verkefnum.*	
Málörvun *Markviss vinna með orðaforða, málskilning, tjáningu, hlustun og samskipti í leik og daglegu starfi.*	
Félagsfærniþjálfun *Markviss stuðningur við samskipti, samvinnu, leik, tilfinningalæsi og lausn félagslegra aðstæðna.*	
Hlutverkaleikir og æfing félagslegra aðstæðna *Félagsleg færni og æskileg hegðun eru kennd og æfð með hlutverkaleikjum, til dæmis að taka saman, skiptast á, bíða eftir að röðin komi að sér og biðja um aðstoð.*	

Skipulag	
Einstaklingsnámskrá/-áætlun *Einstaklingsmiðuð áætlun með markmiðum og leiðum sem taka mið af styrkleikum og þörfum barns. Mikilvægt er að endurmeta markmið og leiðir með reglubundnum hætti.*	
Áhugasvið barns nýtt í leik og verkefnum *Áhugi og styrkleikar barns eru nýttir markvisst í leik, verkefnum, samskiptum og félagshæfnisögum til að auka áhugahvöt, þátttöku og úthald.*	
Einstaklingsstuðningur *Viðbótarstuðningur/starfsmaður fyrir barn í leik, námi, samskiptum og daglegum athöfnum eftir þörfum.*	

Nálægð og stuðningur starfsmanns *Starfsmaður er nálægur barninu eftir þörfum, veitir stuðning í aðstæðum og minnir með skýrum og jákvæðum hætti á næstu skref og æskilega hegðun. Markmiðið er að auka öryggi, þátttöku og sjálfstæði barns smám saman.*	
Einstaklings-/hópatímar hjá sérkennara, þroskaþjálfa eða öðrum fagaðilum *Markviss þjálfun einstaklings eða lítils hóps út frá þörfum og markmiðum barns/hóps.*	
Aðlagað dagskipulag *Dagskipulag er einstaklingsmiðað og sniðið að þörfum barns. Sjónrænar eða myndrænar vísbendingar eru notaðar eftir þörfum og fá atriði sýnd í einu til að auka yfirsýn, fyrirsjáanleika, öryggi og þátttöku.*	
Samstarf við foreldra/forsjáraðila *Reglulegt samstarf og upplýsingamiðlun um líðan, styrkleika, þarfir, markmið og framfarir barns.*	
Ráðgjöf frá Skóla- og velferðarþjónustu og/eða öðrum fagaðilum *Ráðgjöf og samstarf við viðeigandi fagaðila þegar þörf er á frekara mati, stuðningi eða aðlögun.*	